



Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
b/t Gísla H. Halldórssonar bæjarstjóra
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Varðar: Laun hjá vinnuskóla Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær
MÓTTEKJÐ
30. júní 2017
Málsnr. 2017-06-0073
Frumrit - skilist til skjalasafns

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga tók fyrir á fundi sínum þann 14. júní 2017 yfirlit launakönnunar um launakjör í vinnuskólum á félagssvæði Verk Vest. Á þeim fundi var upplýsti formaður félagsins að tvö sveitafélög á félagssvæði Verk Vest uppfylltu ekki lágmarksviðmið um laun 16 ára, er Ísafjarðarbær annað þeirra sveitafélaga. Var stjórn félagsins upplýst um að sveitafélögin tvö hefðu þegar verið hvött til að lagfæra laun 16 ára en fleginu hefði ekki borist staðfesting frá Ísafjarðarbæ hvort til stæði að lagfæra laun 16 ára í vinnuskóla sveitafélagsins.


Stjórn félagsins var sammála um að ítreka fyrri ábendingu formanns félagsins til Ísafjarðarbæjar og skoraði jafnframt á sveitafélagið að leiðréttu laun 16 ára unglunga þannig að þeim verði greitt sem svarar að lágmarki 78% af launaflokki 115 í kjarasamningi Verk Vest við sveitafélögin.

Í samskiptum við fulltrúa Ísafjarðarbæjar kemur fram að sveitafélagið færi að þeim leikreglum sem er til viðmiðunar hjá vinnuskólum sveitafélaga og laun tækju mið af því.

Stjórn Verk Vest er fulljóst að það eru sveitafélögin sjálf sem móta starf vinnuskólanna og launaumhverfi ungmenna í samræmi umfang starfsins en fanst rétt að benda á ákvæði 1.4.2 og 1.4.4 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Sambands Íslenskra sveitafélaga sem fjalla um laun ungmenna og sameiginlega túlkun aðila á umhverfi vinnuskóla sveitafélaga. Ekki var krafist leiðréttningar á launum, heldur eingöngu hvatning um lagfæringu launa 16 ára. En meginmunur er á hvatningu um leiðréttingu eða kröfu um leiðréttingu.

Stjórn Verk Vest þykir hinsvegar miður að stærsta sveitafélagið á Vestfjörðum, sem áður var í hópi sveitafélaga sem greiddi hvað hæst laun vinnuskóla á landsvísu, skuli í raun með svörum fulltrúa sveitafélagsins hafna hvatningu stjórnar félagsins að laun 16 ára í vinnuskóla sveitafélagsins endurspegli launakjör skv. gr.1.4.2 í kjarasamningi aðila. Rétt er að halda til haga að fulltrúi Ísafjarðarbæjar gaf í skyn að launakjör í vinnuskóla sveitafélagsins yrðu endurskoðuð á næsta ári og því ber að fagna.

Ísafirði 28. júní 2017



Afrit. Launakönnun hjá vinnuskólum á félagssvæði Verk Vest

Launakönnun 2008		Launakönnun 2017		
	Lfl.115	269.549	78%	210248,2
Ísafjörður.			Taxti	Hlutfall
1992 -16 ára	702,16 kr= 90,0%	2001	900	74,2%
1993- 15 ára	585,13 kr= 75,0%	2002	750	61,8%
1994- 14 ára	507,11 kr= 65,0%	2003	600	49,5%
Súðavík.			Taxti	Hlutfall
1992 -16 ára	702,16 kr= 90,0%	2001	973	80,2%
1993- 15 ára	585,13 kr= 75,0%	2002	812	66,9%
1994- 14 ára	507,11 kr= 65,0%	2003	676	55,7%
	13 ára	2004	563	46,4%
Vesturbýggð			Taxti	Hlutfall
1992 -16 ára	735,-kr= 94,2%	2001	1107	91,3%
1993- 15 ára	537,-kr= 68,8%	2002	792	65,3%
1994- 14 ára	422,-kr= 54,0%	2003	622	51,3%
	13 ára	2004	523	43,1%
Tálknafjörður			Taxti	Hlutfall
1992 -16 ára	735,-kr= 94,2%	2001	1107	91,3%
1993- 15 ára	537,-kr= 68,8%	2002	792	65,3%
1994- 14 ára	422,-kr= 54,0%	2003	622	51,3%
	13 ára	2004	523	43,1%
Strandabyggð			Taxti	Hlutfall
	17 ára	2000	1393	114,8%
1992 -16 ára	493,-kr= 63,2%	2001	1325	109,2%
1993- 15 ára	415,-kr= 53,2%	2002	915	75,4%
1994- 14 ára	386,-kr= 49,5%	2003	719	59,3%
	13 ára	2004	552	45,5%
Reykhólar			Taxti	Hlutfall
1992 -16 ára	503,-kr= 64,5%	2001	1213	100,0%
1993- 15 ára	383,-kr= 49,1%	2002	760	62,7%
1994- 14 ára	341,-kr= 43,7%	2003	663	54,7%
	13 ára	2004	575	47,4%